



Öræfaneitið

Bylting í gagnaflutningum

Órofa samstaða íbúanna réð úrslitum

Verði ljós og það varð ljósleiðari

Jákvæð afstaða sveitarstjórnarmanna

Ánægjulegt að vinna fyrir Öræfinga

Fyrirmynd fyrir aðrar sveitir

Einangrun Öræfa endanlega rofin

Ný vídd í íslenskri ferðaþjónustu

Mikil bót fyrir skólastarf í sveitinni



Feðgarnir Knútur og Ingólfur Bruun segja samstöðu heimamanna hafa ráðið úrslitum.

Órofa samstaða íbúanna réð úrslitum

Rætt við feðgana Knút og Ingólf Bruun

Aðdragandi þess að ljósleiðaranet er nú komið á alla bæi í Örfæsasveit og á Hala í Suðursveit er orðinn all langur og leiðin að þessu marki hefur ekki alltaf verið bein og breið. Undanfarin ár hafa feðgarnir Knútur og Ingólfur Bruun unnið ótulllega að því að þetta þjóðþrifamál gæti orðið að veruleika en á bak við þá hefur verið órofa samstaða íbúanna í Örfæfum. Þeir eru ekki í vafa um að þessi samstaða réði úrslitum um þá byltingu sem nú hefur orðið í fjarskiptamálum í Örfæsasveit.

„Ég held að við séum gott gengi ég og Ingólfur. Ég er gamall nuddari og kjaftaskur sem kann á kerfið á meðan hann hefur alla tæknina á hraðbergi. Kerfiskallarnir, sem við þurftum að eiga við, eru rosalega lunknir í að smella á mann allskonar tæknimáli sem ég skil lítið í. Það var þá sem drengurinn kom inn og vissi um hvað málið snérist og gat komið með réttu svörin,“ segir Knútur.

Byrjaði með þriggja fasa rafmagni

Ingólfur segir að upphaf málsins megi rekja til þess þegar það spurðist út að RARIK hygðist leggja þriggja fasa rafmagn í Örfæfin en það hafði lengi verið baráttumál íbúa í sveitinni. „Þegar pabbi sagði mér í óspurðum fréttum árið 2006 að til stæði að leggja þriggja fasa rafmagn um sveitina bað ég hann að drífa sig sem fyrst austur og reyna að fá RARIK til að plægja ljósleiðara niður með jarðstrengnum því þá væri kominn grundvöllur til að vinna að bættu ástandi í gagnaflutnings- og fjarskiptamálum sveitarinnar,“ segir Ingólfur. Eðli máls samkvæmt lá beinast við að ræða málið fyrst við sveitarstjórnarmenn á Höfn í Hornafirði og sveitarstjórnann, Hjalta Þór Vignisson því þeir fara með stjórn sveitarfélagsins eftir að Örfæfin sameinuðust sveitarfélaginu Hornafirði. Sveitarstjórnin tók strax vel í málið og þrýsti á RARIK að leggja ljósleiðara með þriggja fasa rafmagninu. „Þessi jákvæða afstaða sveitarstjórnarmanna á Höfn bar árangur og er einn af mörgum samverkandi þáttum sem gerðu þetta mál að veruleika,“ segir Knútur.

Fjarskiptafélag stofnað

Ljósleiðarastrengur RARIK liggur frá Reynivöllum í austri að Skaftafelli í vestri og var hugmynd RARIK að nýta hann fyrst og fremst við að fjarstýra raforkukerfinu. En þegar strengurinn var kominn voru næstu

skref að kanna áhuga Örfæfinga á að fá nettengingu í gegnum ljósleiðaran og að leita eftir samningum við RARIK um að bæir og fyrirtæki í sveitinni fengju að tengjast ljósleiðaranum og nýta hann til gagnaflutninga. „Það var strax mikil samstaða um þetta mál í sveitinni og þegar ákveðið var að stofna Fjarskiptafélag Örfæfinga til að vinna að framgangi þess voru allir bæir með, sömuleiðis þau fyrirtæki sem hér eru rekin og sjálft sveitarfélagið,“ segir Knútur, sem er stjórnarformaður Fjarskiptafélagsins.

Lögfræðiálit snéri málinu

Knútur segir að þegar leitað var til RARIK hafi Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri strax verið jákvæður en lögfræðingarnir hafi hins vegar séð á þessu ýmis tormerki og óttast að það stæðist ekki lög að hleypa Örfæfingum með gagnaveitu inn á strenginn. Til að komast yfir þennan hjalla og flýta fyrir framgangi málsins var leitað til Trausta Fannars Valssonar, lektors við lagadeild Háskóla Íslands og hann fenginn til að semja álit um málið. „Trausti vann mjög vandaða lögfræðilega álitsgerð sem snéri þessu máli algjörlega við og sýndi fram á að það var vel hægt að gera þetta innan ramma laganna. Í framhaldinu hófust samningaviðræður sem lyktaði með því að RARIK gerði við okkur samning sem heimilaði okkur aðgang að strengnum,“ segir Knútur.

Hálfa milljón á hvert heimili

Þegar þessi niðurstaða lá fyrir var ekkert að vanbúnaði að byrja lagningu heimtaugakerfis á alla bæi og fyrirtæki í sveitinni. Ákveðið var að bjóða íbúum á Hala í Suðursveit að vera með og þaðú þeir það og sáu síðan sjálfir um að leggja heimtaugar hjá sér. Gerður var samningur við Fjarska, sem er fjarskiptafélag í eigu Landsvirkjunar, um að annast tæknilega hlið málsins en Fjarski hafði verið RARIK til aðstoðar við lagningu ljósleiðarans á sínum tíma. „Með mikilli sjálfboðavinnu heimamanna, sem sáu um að aðstoða verktaða við jarðvegsvinnu og að draga í rör, og með því að semja við verktaka af svæðinu, tókst okkur að lækka kostnað við lagningu heimtauga verulega,“ segir Knútur. Hann bætir því við að 7 milljóna króna styrkur frá sveitarfélaginu til að kaupa streng hafi einnig létt þeim róðurinn talsvert. Fjarskiptafélag Örfæfinga er án efa minnsta fjarskiptafélag landsins en viðskiptavinir þess eru 45 að tölu

og hefur hvert heimili í sveitinni greitt 500 þúsund krónur í stofnkostnað fyrir að tengjast ljósleiðaranum. Heildarkostnaður við verkefnið nemur alls um 40 milljónum króna.

Samkeppnishömlur

En björninn var ekki unninn. Það var ekki nóg að leggja heimtaugar um sveitirnar og tengjast ljósleiðara RARIK milli Skaftafells og Reynivalla til að gagnaflutningar gætu hafist. Það þurfti líka að komast inn á megin hringtenginguna um landið, svokallaðan NATO ljósleiðara.

Fjarskiptafélag Örfæfinga hefur gert samning um gagnaflutninga við Vodafone, sem eftir útboð fékk úthlutað einum af þremur strengjum sem Varnarmálastofnun hafði í NATO ljósleiðaranum. Fjarskiptafélagið Míla, sem er með fimm strengi í þessum sama ljósleiðara, hefur hins vegar komið í veg fyrir að Vodafone geti tengst strengnum. Knútur segir að fyrst hafi menn borið fyrir sig að ekki væri búið að afhenda Vodafone strenginn formlega og að staðið hafi í stappi um það mánuðum saman. Í vor skarst Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra og yfirmaður Varnarmálastofnunar, í leikinn og kom því til leiðar að gengið var frá formlegri afhendingu utanríkisráðuneytisins á strengnum til Vodafone. Þá loksins samþykkti Míla að leigja Vodafone tímabundið flutningsgetu fyrir Fjarskiptafélag Örfæfinga. Að sögn Knúts þráast Míla hins vegar ennþá við að veita Vodafone aðgang að strengnum í gegnum tengistöðvar sem fyrirtækið ræður yfir. „Ég tel þessa framkomu Mílu skýlaust brot á samkeppnis- og fjarskiptalögum. Hér eru menn eingöngu að verja einokunarstöðu sína og að koma í veg fyrir að samkeppnisaðili geti nýtt aðstöðu sem honum hefur verið úthlutað með löglegum hætti. Framganga þeirra hefur verið kærð til Póst- og fjarskiptastofnunar og það er aðeins tímaspurning hvenær þeir verða að hleypa Vodafone að ljósleiðaranum,“ segir Knútur.

Hægt að hafa áhrif

Ingólfur segir ánægjulegt að hafa átt þátt í að tryggja íbúum í Örfæfum ljósleiðarasamband sem er jafn fullkomið og best gerist í þéttbýlinu. „Mér hefur alltaf fundist þetta mikið réttlætismál því ef það er eitthvað sem skiptir máli fyrir fólk í hinum dreifðu byggðum þá er það að vera í góðu netsam-

Örfæfingar með hraðasta netið

Netið sem tekið var í notkun í Örfæsasveit þann 3. september er hraðvirkasta ljósleiðaranet sem er í almannanotkun á Íslandi í dag. Netið byggist á svokölluðum „Gigabit Industrial Ethernet“ staðli, 1000 Mbit/s, sem er gríðarleg breyting frá 128 Kbit/s ISDN sambandi sem íbúar Örfæfa voru með áður.

Til samanburðar má geta þess að samkvæmt stefnu stjórnvalda eiga allir sem búa í dreifbýli að vera búnir að fá að lágmarki 2 Mbit/s Internet-tengingu fyrir lok ársins 2010. Hraðvirkustu ljósleiðarasambönd, sem notuð eru fyrir almenning á Íslandi í dag, eru að hámarki 100 Mbit/s og því er Örfæfanetið 10 sinnum hraðvirkara en það besta sem almenningi býðst.

Auk mikils nethraða og símaþjónustu geta Örfæfingar nú valið úr 70 sjónvarpsstöðvum og leigt bíómyndir í gegnum Örfæfanetið.

“Ef það er eitthvað sem skiptir máli fyrir fólk í hinum dreifðu byggðum þá er það að vera í góðu netsambandi.

bandi,“ segir Ingólfur. Hann segir löngu tímaþært að hætta með skammtímalausnir í fjarskiptamálum dreifbýlisins. Árið 2001 hafi ISDN átt að leysa vanda dreifbýlisins varðandi gagnaflutninga og þá hafi verið farið af stað með úrelta tækni sem ekki var lengur boðleg í þéttbýli en sem þótti engu að síður nógu góð fyrir landsbyggðina.

Ingólfur segir að í dag eigi allir sem búa í dreifbýli og sem þess óska að vera búnir að fá Internettengingu sem er að lágmarki 2 Mbit/s. Þetta þýði að nú sé að gerast það sama og árið 2001 að boðið er upp á skammtímalausn sem muni úreldast fljótt. „Það er kominn tími til að hætta að hugsa í úreltum fortíðarlausnum í fjarskiptamálum landsbyggðarinnar. Nú verða menn að hugsa til framtíðar. Íslendingar lögðu mikið á sig þegar lagður var sveitasími á flesta bæi í landinu og síðar kom að því að lagður var sjálfvirkur sími á alla bæi. Nú er tími ljósleiðarans kominn og tímabært að leggja hann til allra lögbýla og fyrirtækja í dreifbýli sem þess óska,“ segir Ingólfur.

Knútur segir að vinnan við þetta verkefni hafi verið mikil en mjög ánægjuleg, ekki síst vegna þess að hún komi samfélaginu öllu til góða. Nú geti fólkíð í sveitinni stundað fjar-nám og rekið öll sín erindi á Netinu með sama hætti og í þéttbýlinu. „Áður gat það tekið hálf tíma til klukkutíma að sinna einföldum viðskiptum í netbankanum en það er sá veruleiki sem fjöldi fólks í hinum dreifðu byggðum býr við víða um land. Í dag getum við í Örfæsasveit hins vegar afgreitt þessi sömu viðskipti á 2-3 mínútum. Þá er ótalin sú bylting sem orðið hefur í sjónvarpsmálum í sveitinni þar sem móttökuskilyrði hafa verið vægast sagt ömurleg. Mér finnst skipta máli að þeir, sem búa við svipaðar aðstæður, frétti af því sem hér hefur verið að gerast og átti sig á að það er hægt að breyta þessu ástandi en þá þurfa menn líka að standa saman,“ segir Knútur Bruun.

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



Mikið átak hefur verið gert hjá RARIK á síðustu árum í lagningu jarðstrengja í stað loftlína. Árið 2006 var strengur lagður frá Reynivöllum í Suðursveit að Skaftafelli í Öræfum, um 80 km. Samhliða strengnum var lagður ljósleiðari sem Öræfingar njóta nú góðs af.



Jökulsárlónið fangar athyglina:

Um 60 þúsund gestir í sumar

„Mér sýnist að það hafi farið á milli 55 og 60 þúsund ferðamenn með okkur í sumar í siglingum um Jökulsárlón. Það er um 10% fækkun frá því í fyrra, sem var algjört metsumar. Ég held að við getum því vel við unað,“ segir Ágúst Elvarsson, starfsmaður við Jökulsárlón. Ágúst segir að um og yfir 90% þeirra sem fari í ferðir á lóninu séu útlendingar en þó virðist honum sem Íslendingar hafi verið heldur fleiri í ár en undanfarin ár.

Dýpst allra vatna

Að sögn Ágústs tekur lónið sífelldum breytingum en mestar voru þær þó í fyrra. Þá var framhlaup Breiðamerkurjökuls óvenju mikið og því hefur lónið bæði stækkað og dýpkað um leið og Breiðamerkurjökull hefur verið að minnka. Talið er að síðustu misseri hafi 600 til 700 metrar brotnað af jöklinum. Nýlega komst Einar B. Einarsson, eigandi ferðapjónustunnar Jökulsárlóns, inn að hinum nýja jaðri jökulsins og dýptarmældi vatnið og reyndust þá vera 250 metrar niður á botn. Samkvæmt því telst Jökulsárlón vera dýpsta vatn Íslands en áður hefur Öskjuvatn verið talið dýpst með 217 metra. „Vegna þess hve mikið brotnaði úr jöklinum í fyrra var lónið pakkað af ís sem þrengdi dálítið að okkur þá og gerði siglingar um lónið erfiðari. Við óttuðumst að það kynni að lokast alveg fyrir siglingar um lónið í fyrra en það gerðist nú sem betur fer ekki. Í sumar hefur ástandið verið mun betra þótt enn sé mikill ís á lóninu,“ segir Ágúst.

Siglingar með ferðafólk um Jökulsárlón hafa nú verið stundaðar í 25 ár en upphaf þeirra má rekja til ársins 1985 þegar Guð-

“ Það muni breyta miklu að geta tengst nýja ljósleiðaranum því nýlega hafi verið tekið í notkun bókunarkerfi sem gerir ferðafólki kleift að bóka sig í ferðir á netinu.

brandur Jóhannsson hóf að bjóða þessa þjónustu. Árið áður höfðu kastljós fjölmiðla beinst að lóninu þegar upphafsatriði James Bond myndarinnar „A view to kill“ með Roger Moore í aðalhlutverki var tekið í lóninu. Síðan þá hafa umsvif ferðapjónustunnar við Jökulsárlón aukist ár frá ári og nú vinna þar um 30 manns frá því í byrjun maí og fram í október. Í sumar hafa verið gerðir út fjórir hjólabátar sem taka 25 manns í hverri ferð og fer leiðsögn aðallega fram á ensku en einnig á þýsku, frönsku og spænsku.

Einar B. Einarsson, eigandi ferðapjónustunnar við Jökulsárlón, segir að það muni breyta miklu að geta tengst nýja ljósleiðaranum því nýlega hafi verið tekið í notkun nýtt bókunarkerfi sem gerir ferðafólki kleift að bóka sig í ferðir á netinu. Einnig eru áform um að setja upp myndavélar við lónið til að ferðafólk geti séð á heimasíðu fyrirtækisins hvernig aðstæður eru þar hverju sinni.

www.jokulsarlon.is



Ágúst Elvarsson leiðsögumaður segir erlenda ferðamenn um 90% þeirra sem fara í siglingu um Jökulsárlón.



Samkvæmt mælingu sem gerð var í sumar er Jökulsárlón dýpst íslenskra vatna, um 250 metrar þar sem það er dýpst.



Síðastliðin 10 ár hefur Einar Björn, staðarhaldari við Jökulsárlón, staðið fyrir glæsilegri flugeldasýningu við lónið.



Sorpið nýtt til að hita sundlaugina



Ólafur Sigurðsson ferðapjónustubóndi hefur kynt Flosalaug við Svínafell með sorpinu úr Öræfaveit í 17 sumur með góðum árangri.

Það er ekki víst að ferðamennirnir, sem fara í sund í Flosalaug í Svínafelli, geri sér almennt grein fyrir því að sundlaugin er hituð með því að brenna sorpi sem til fellur í sveitinni! Á sumrin, þegar ferðamannastraumurinn er mestur, fellur til nógu mikið sorp, einkum í Skaftafelli, til að hægt sé að halda vatninu í sundlauginni u.þ.b. 30 gráðu heitu og heita

pottinum í um 40 gráðum. Yfir vetrarmánuðina minnkar hins vegar sorpmagnið verulega og þá dugir sorpbrennslan til að halda vatninu í lauginni fyrir ofan frostmark. Það er Ólafur Sigurðsson, ferðapjónustubóndi í Svínafelli, sem rekur sorpbrennsluna í samvinnu við sveitarfélagið.

Utan um rekstur sorpbrennslunnar var á

sínum tíma stofnað hlutafélagið Brennu-Flosi með tilvísun í Flosa í Svínafelli sem var kall-áður Brennu-Flosi, eftir hefndarförina að Bergþórshvoli sem endaði með Njálsbrennu snemma á elleftu öld. Flosalaug í Svínafelli er hins vegar rekin af hlutafélaginu Flosa hf. sem er að fullu í eigu Ólafs og fjölskyldu hans. „Ég var búinn að ganga í mörg ár með hugmyndina um að nýta sorpbrennslu til að hita upp vatn fyrir sundlaug í sveitinni áður en ég hrinti henni loks í framkvæmd í samvinnu við gamla Hofshrepp árið 1993. Þá var ofninn í sorpbrennsluna keyptur frá Liechtenstein og ári síðar opnuðum við sundlauginu hér í Svínafelli,“ segir Ólafur.

Rekstur sorpbrennsluofnsins hefur gengið mjög vel þau 17 ár sem hann hefur verið í notkun. Ofninn brennir sorpinu við mjög háan hita, um 1000 gráður. Því er um mjög hreinan bruna að ræða og loftmengun ekki sýnileg frá ofninum. Að sögn Ólafs byrjaði sundlaugin fljótt að laða ferðamenn að staðnum og þá voru opnuð tjaldstæði við lauginu. Í framhaldinu hefur ferðapjónustan í Svínafelli haldið áfram að vaxa og dafna. Auk tjaldstæða og sundlaugarreksturs hefur verið bætt við svefnpokaplássum í nokkrum smáhysum ásamt þjónustuhúsi með eldunaraðstöðu fyrir gesti tjaldsvæðisins og nú síðast var það hús stækkað til að fjölga svefnpokaplássum.

www.svinafell.com



Fimleikadeild UMF Selfoss



Lífsgæði og framtíð unga fólksins

Íslendingar búa að því öðrum þjóðum framar að geta gengið að hreinu og tæru neysluvatni, heitu jarðvarmavatni til húshitunar og baða og umhverfissvænni raforku fallvatnsvirkjana og gufuaflsvirkjana. Hlutverk Set hefur verið að þróa og framleiða lagnakerfi til að koma þessum auðlindum til notenda.

Set leggur metnað sinn í nýsköpun, vörubrúun og fræðslustarf fyrir viðskiptavinum og starfsfólk fyrirtækisins.

Tæknilega fullkomin, öflug og afkastamikil verksmiðja og þjónusta við lagnaiðnaðinn er undirstaða þess að viðhalda innlendri framleiðslu, þekkingu og atvinnusköpun.

Set hefur alþjóðlega gæðavottun skv. ISO 9001.



Gæði til framtíðar

SET ehf. Röðaverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss
Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: set@set.is • Vefsíða: <http://www.set.is>



Verði ljós og það varð ljósleiðari

Föstudaginn 3. september sl. var ljósleiðararnet Fjarskiptafélags Örfæinga formlega tekið í notkun. Athófnin var í Hofgarði, félagsheimili Örfæinga, að viðstöddum rúmlega 60 gestum.

Dagskráin hófst með því að Knútur Bruun, formaður stjórnar Fjarskiptafélags Örfæinga bauð menn velkomna og kynnti dagskrána. Hann þakkaði öllum sem komið hafa að þessu máli og flutti kveðjur frá Tryggva Þór Haraldssyni, forstjóra RARIK og einnig frá Guðna Ágústssyni, fyrrum formanni Framsóknarflokksins og landbúnaðarráðherra. Kveðja Guðna endaði á „verði ljós og það varð ljósleiðari“. Knútur lagði sérstaka áherslu á að þessar miklu framfarir í fjar-skiptamálum Örfæinga hefðu aldrei orðið að veruleika nema fyrir algjöra samstöðu íbúa í sveitinni og góða aðstoð annarra aðila sem komu að málinu.

Næstur tók til máls Ingólfur Bruun. Hann sýndi hraða Internet tengingar kerfisins með því að fara inn á heimasíðu Reiknistofu Háskóla Íslands en þar er hægt að athuga hraða Internetteninga. Njörður Tómasson, framkvæmdarstjóri Fjarska, gerði grein fyrir undirbúningi ljósleiðarakerfisins og framkvæmdum við það. Hann taldi að niðurstaða þessa máls gæti hiklaust verið fordæmi um ljósleiðaravæðingu annarra dreifbýlissvæða á landinu. Þessu næst tók til máls Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone. Í máli hans kom fram að Vodafone myndi afhenda



Hálfván Björnsson, bóndi á Kvískerjum, opnar ljósleiðarakerfi Örfæinga. Á myndinni með honum eru Ingólfur Bruun með son sinn Börk á bakinu og Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone.



Meðal veitinga sem konur í sveitinni reiddu fram á opunarhátíðinni í Hofgarði var þessi rausnarlega terta með merki Vodafone.

Örfæingum Internet-, sjónvarps- og talsíma-samband inn á ljósleiðarakerfi Fjarskiptafélags Örfæinga. Gæði þessarar þjónustu sagði hann vera sambærileg við það sem gerist í þéttbýli ef ekki betri og á sama verði. Þá kallaði Hrannar Pálínu Þorsteinsdóttur, skólastjóra grunnskólans í Hofgarði, upp á svið og afhenti henni að gjöf frá Vodafone, flatskjá ásamt tölvu, til notkunar í skólastarfinu. Að þessu loknu kallaði Knútur á svið Hálfván Björnsson, bóndi á Kvískerjum, og fól honum að opna ljósleiðarakerfið formlega. Sigrún Sigurgeirsdóttir frá Fagurhólsmýri lýsti með dæmum þeim feikna breytingum sem orðin væru á fjarskiptamálum í

sveitinni. Það sem áður var afgreitt í tölvunni á löngum tíma tæki nú örskotsstund. Tveir bæjarfulltrúar Hornafjarðarbæjar, Reynir Arnarson og Árni Þorvaldsson, kvöddu sér hljóðs. Í máli þeirra kom fram að nokkrar efasemdir hefðu verið um þessar framkvæmdir í upphafi en fljótlega hefðu sveitastjórnarmenn á svæðinu séð að hér var um mikið framfaraspor að ræða og undir forystu bæjarstjórnans, Hjalta Þórs Vignissonar, varð einróma stuðningur við málið.

Knútur þakkaði fyrir ávörp og hlýjar óskir í garð Örfæinga og jafnramt fyrir ljúffengar veitingar sem fram voru bornar.

Vodafone annast alla þjónustu á ljósleiðarakerfi Örfæinga:

Önnur fjarskiptafélög sýndu engan áhuga



Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone, fullyrðir að fjarskiptaþjónustan í Örfæsasveit sé á við það besta sem er í boði annars staðar og raunar standi sveitin nú framar stórum hverfum í sjálfri höfuðborginni.

Við undirbúning Örfæfanetsins leituðu Örfæingar til stóru fjarskiptafélaganna með ósk um samstarf. Viðbrögðin voru misjöfn og sumstaðar voru Örfæingar taldir gálnir að ætla út í þetta viðfangsmikla verkefni. Stjórnendur Vodafone tóku Örfæingum hins

vegar fagnandi og hafa unnið náið með Fjar-skiptafélagi Örfæinga allt frá byrjun. Net-, síma- og sjónvarpsþjónusta, sem veitt er á nýja ljósleiðarakerfinu, er því öll í höndum Vodafone.

„Við tökum ofan fyrir Örfæingum, sem

“ Við erum stolt af því að hafa tekið þátt í þeirri fjarskiptabyltingu sem orðin er í Örfæsasveit.

hafa sýnt með samtakamætti sínum að ýmislegt er hægt. Við erum stolt af því að hafa tekið þátt í þeirri fjarskiptabyltingu sem orðin er í Örfæsasveit og viljum færa íbúum þar bestu þakkir fyrir frábært samstarf,” segir Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone. Ómar fullyrðir að fjarskiptaþjónustan í Örfæsasveit sé á við það besta sem er í boði annars staðar og raunar standi sveitin nú framar stórum hverfum í sjálfri höfuðborginni. „Ljósleiðari hefur verið lagður í flest nýju hverfin á höfuðborgarsvæðinu á undanföllum árum en mörg eldri hverfi borgararinnar eru ekki ljósleiðaratengd nema að mjög takmörkuðu leyti, t.d. Þingholtin og gamli Vesturbærinn. Örfæingar geta því nýtt sér þjónustu sem er enn ekki í boði í miðborg Reykjavíkur. Það hlýtur að teljast nokkur nýlunda þegar tækniþróun er annars vegar,” segir Ómar. „Ljósleiðarinn er án nokkurs vafa sú gagnaflutningsleið sem verður notuð í framtíðinni, enda er þörfin fyrir aukna gagnaflutningsgetu sífellt að aukast. Það er ekkert að hægja á þeirri þróun og allt tal um að hefðbundnu símalínurnar muni duga í einhverja áratugi í viðbót eru að mínu mati fráleitar. Örfæingar sýna því ekki aðeins stórhug með sínu verkefni, heldur líka framsýni sem ætti að vera til eftirbreytni fyrir aðra.“

En hvernig kom það til að Vodafone, sem hefur lagt megináherslu á þjónustu á þéttbýlustu svæðum landsins, tók höndum saman með Fjarskiptafélagi Örfæinga? Ómar

segir þá ákvörðun hafa verið einfalda. „Við höfum á undanföllum árum aukið mjög þjónustu við landsbyggðina og leiddum t.d. stækkunina sem varð á GSM þjónustusvæðinu í dreifðum byggðum landsins og á hálendinu. Fram til ársins 2007 var í raun aðeins eitt fjarskiptafyrirtæki sem rak GSM dreifikerfi á landsbyggðinni og algjör stöðnun hafði ríkt um árabil. Við ákváðum að hefja uppbyggingu á þessum svæðum og höfum síðan þá gangsett á þriðja hundrað nýrra GSM sendistöðva um allt land. Heildarfjöldi sendistöðva er hátt í 500 og þótt keppnautar okkar hafi síðar brugðist við samkeppninni þá er GSM þjónustusvæði Vodafone enn það stærsta hér á landi og viðskiptavinum okkar á landsbyggðinni hefur fjölgað.“ Ómar segir að Vodafone bjóði heildarþjónustu á mörgum stöðum og náð góðum árangri. „Ég get t.d. nefnt Hellu, en þar er markaðshlutdeild Vodafone um 70%. Við höfum því lagt ríka áherslu á þjónustu við allt landið og hugmyndir Örfæinga féllu algjörlega að okkar framtíðarsýn. Við þekkjum líka þann mótbyr sem frumkvöðlar, eins og Fjarskiptafélag Örfæinga, geta lent í og okkur rann blóðið til skyldunnar. Þetta samstarf hefur verið frábært og ég óska Örfæingum til hamingju með þennan mikla áfanga,” segir Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone, að lokum.

Áræðni, eftirfylgni og vandaður undirbúningur – kveðja frá RARIK

Fyrir hönd RARIK sendi ég Örfæingum og fulltrúum Fjarsskiptafélags Örfæinga innilegar hamingjuóskir með þann áfanga sem nú hefur náðst í Örfæum og Suðursveit, með tengingu ljósleiðara um sveitina og uppbyggingu öflugs fjarsskiptakerfis fyrir íbúa hennar og fyrirtæki. Að þetta skuli nú vera orðið að veruleika sýnir ágætlega hvað hægt er að gera með áræðni, eftirfylgni og vönduðum undirbúningi.

Það hefur verið ánægjuleg reynsla að taka þátt í undirbúningi þessa verkefnis og að fylgjast með þeirri þrotlausu vinnu sem fulltrúar Fjarsskiptafélags Örfæinga lögðu á sig til að af þessu gæti orðið. Fyrir utan að afla verkefninu stuðnings heimafyrir, og að tryggja fjármögnun þess, hefur augljóslega farið mikil vinna í að afla tilskilinna leyfa, tryggja að samkeppnislög séu haldin og ekki síst að sannfæra okkur sem að þessu komum um að taka þátt í verkefninu.

RARIK hefur enga reynslu af rekstri ljósleiðarakerfis, þótt fyrirtækið hafi um allmarga ára skeið rekið eigið fjarsskiptakerfi og eigi nú ljósleiðarastrengi, m.a. í Örfæum.

Á árinu 2006 þurfti RARIK að leggja háspennustreng frá Reynivöllum í Suðursveit að Skaftafelli í Örfæum, alls um 80 km leið. Ástæða þess var að dreifikerfi RARIK annaði ekki vaxandi álagi í Örfæum. Bent var á að á næstu árum yrði þörf á lagningu nýs ljósleiðarastrengs á þessari leið, m.a. vegna fjarsskipta fyrir raforkukerfið, og var því ákveðið að leggja ljósleiðara samhliða jarðstrengnum. Engin ákvörðun lá fyrir um hvernig þessum ljósleiðarastreng yrði ráðstafað, hvort hann yrði leigður út að hluta eða öllu leyti, eða jafnvel seldur í heilu lagi. Sú ákvörðun liggur



Tryggvi Þ. Haraldsson, forstjóri RARIK, segir það hafa verið ánægjulega reynslu að taka þátt undirbúningi Örfæverkefnisins.

reyndar ekki fyllilega fyrir enn, nema hvað varðar eitt par í strengnum sem nú hefur verið ráðstafað.

Efasemdir

RARIK þurfti að fara í allnokkra skoðun á því innanhúss, í samvinnu við lögmann fyrirtækisins, hvort æskilegt væri að fyrirtækið tæki þátt í svona verkefni, hver hugsanlegur hagur væri af því og hvort fyrirtækið hefði yfirleitt hug á að verða þátttakandi í hörðum

samkeppnisheimi á fjarsskiptasviði. Eftir að hafa skoðað þetta nokkuð og komist að þeirri niðurstöðu að arðsemi fyrirtækisins af þátttöku væri væntanlega takmörkuð, þekking og reynsla af rekstri ljósleiðarakerfa lítil innan fyrirtækisins og vandrataður hinn grýtti stígur samkeppnismála innan fjarsskiptageirans, var ekki sérlega auðvelt að sannfæra okkur um að taka þátt í verkefninu framan af. Eftir marga fundi og símtöl við feðgana, Knút og Ingólf Bruun, varð það þó niðurstaðan að reyna að finna lausn til að fjárfesting RARIK í ljósleiðarastreng á svæðinu gæti með einhverjum hætti nýst íbúum í Örfæum, án þess að trufla samkeppni eða önnur áform um hugsanlega nýtingu strengsins.

RARIK á um 4.000 km af loftlínum sem endurnýjaðar verða með jarðstrengjum á næstu 20-25 árum. Fyrir RARIK er mjög óhagkvæmt að leggja ljósleiðara með þeim öllum, þótt það kunni að vera hagkvæmt á ákveðnum stofnleiðum. RARIK er hins vegar ljóst að ef ljósleiðari er framtíðarlausn í fjarsskiptamálum þá er ódýrasta leiðin í dreifbýli sú að það sé gert samhliða lagningu háspennujarðstrengja. Í ljósi þess og hins að RARIK átti þegar ónotaðan streng sem nýst gat viðskiptavinum fyrirtækisins í Örfæum var ákveðið að stofna dótturfélag með fjarsskiptaleyfi og að taka þátt í þessu tilrauna-verkefni. Hlutur RARIK snýr eingöngu að því að heimila afnot af ljósleiðaranum gegn leigugjaldi, en fyrirtækið mun væntanlega nýta sér ljósleiðaratengingu heim á hvern bæ í Örfæum til fjarálestra í framtíðinni og til hugsanlegra tilraunaverkefna með nýja tímaháða taxa til sveita.

Ég sendi öllum notendum ljósleiðaranetsins hamingjuóskir frá RARIK með von um að þetta framfaraskref í fjarsskiptamálum Örfæinga verði ykkur heilladrjúgt.

Kærar kveðjur
Tryggvi Þ. Haraldsson
forstjóri RARIK

www.rarik.is

Svínafell

Svínafell er bær í Örfæum, gamalt stórbýli og höfðingjasetur. Svínfellingar, ein helsta höfðingjaætt Sturlungaaldar, voru kenndir við bæinn. Svínafell var í landnámi Þorgerðar, ekkju Ásbjörns Heyangur-Þjarnarsonar, sem dó í hafi á leið til Íslands, og sona þeirra. Einn þeirra hét Össur, sonur hans var Þórður freysgoði og hans sonur Flosi Þórðarson (Brennu-Flosi), sem bjó á Svínafelli um árið 1000. Afkomandi bróður Flosa, Sigmundur Þorgilsson, goðorðsmaður á Svínafelli, sem dó í Rómarrör 1118, var talinn með helstu höfðingjum landsins og voru Svínfellingar afkomendur hans. Síðastur þeirra var Ormur Ormsson á Svínafelli, sem fékk ásamt Hrafni Oddsyni forráð yfir öllu Íslandi 1270 en náði ekki að njóta þeirra því að hann drukknaði við Noregsstrendur sama ár. Árni Þorláksson biskup fæddist í Svínafelli 1237. Kirkja var á bænum til forna.

SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR



Í RÍKI VATNAJÖKULS

WOW!

Upplifðu undrin í Ríki Vatnajökuls á Suðausturlandi allt árið um kring

Vatnajökull - Staersti jökull og þjóðgarður Evrópu býður þér heim

Fjölbreyttir gístmöguleikar og gírnilegur matur úr héraði

Frábærir afþreyingarmöguleikar í magnaðri náttúru

- Snjósleðaferðir á Vatnajökul -Skálafellsjökul
- Fjórhjólaferðir í frábæru landslagi
- Jöklaganga á skriðjöklum
- Ísklifur og íshellaskoðun
- Gönguleiðsögn / skíðaferð á Hvannadalshnúk
- Jökulsárlón, skoðunarferðir og siglingar

- Þórbergssetur menning, saga
- Húsdýragarður í Hólmi
- Hreindýraskoðun, vetur, vor og haust
- Fuglaskoðunarferðir vor, sumar, haust
- Norðurljósaferðir, vetrarupplifun



www.visitvatnajokull.is

Bergsteinn Einarsson framkvæmdastjóri Sets:

Ánægjulegt að vinna fyrir Öræfinga

Plaströrin sem notuð voru við lagningu á ljósleiðarakerfi Fjarskiptafélags Öræfinga eru íslensk. Það var plaströraverksmiðjan Set ehf. á Selfossi sem framleiddi rörin en fyrirtækið hefur framleitt plasthlífðarrör fyrir fjarskiptalagnir síðan ljósleiðaravæðingin hófst hér á landi. Set hefur aðlagð vinnslu sína og þróað ljósleiðararörin í takt við áherslur markaðarins í aldarfjórðung.

„Við vorum beðin um að framleiða fyrstu rörin fyrir Póst og síma sumarið 1985 en lengi vel var Síminn eini kaupandi ljósleiðararöra. Þá voru hlífðarrörin eingöngu úr PVC efnum, gul að lit og sett saman á múffum en seinna bættust við rör úr Polyethelyne PEL efnum í lengri einingum í rúllum,“ segir Bergsteinn Einarsson, framkvæmdastjóri Sets. Hann segir að síðar hafi fleiri fjarskiptafyrirtæki tekið virkan þátt í ljósleiðaravæðingunni og meðal þeirra sé Fjarski, dótturfyrirtæki Landsvirkjunar, sem sá um framkvæmdirnar í Öræfasveit.

Set framleiðir rörin í löngum einingum á rúllum og geta þau verið allt að tveir kílómetrar að lengd og er ljósleiðaranum síðan skotið í gegnum rörin með lofti. Í plaströradeild Set fer fram þróun á hlífðarrörum og þar hefur á liðnum mánuðum verið unnið að tilraunum með vinnslu á grönnum inntaksrörum sem eru riffluð að innan til að minnka yfirborðssnertingu ljósleiðarans við rörið. Það á að létta ídrátt og þræðingu strengsins í rörið í inntakslögnum húsa.

Hjá Seti starfa um 50 manns í verksmiðju félagsins á Selfossi, að Reykjalundi og í Þýskalandi en þar hefur Set ehf. komið upp vinnslulínu fyrir foreinangruð fjarvarmarör. Bergsteinn segir að erfitt verði að varðveita innlenda framleiðslu á plaströrum ef ekki sé jafnframt sótt aukin hlutdeild á erlenda markaði. Sem betur fer hafi útflutningur verið að vaxa og vonast hann til að sá sproti, sem felist í verksmiðjunni í Þýskalandi, komist vel af stað á næstu mánuðum. „Það var ánægjulegt að vinna fyrir Öræfingana með Knút Bruun í forystu og það er alltaf gaman að sjá öflugt frumkvæði og kraft, ekki síst nú þegar mikil óvissa og stöðnun ríkir á öllum helstu mörkuðum okkar innanlands; á bygg-ingarsviði, orku- og veitusviði og fjarskipta-sviði. Til hamingju Öræfingar með þessa framkvæmd,“ segir Bergsteinn Einarsson, framkvæmdastjóri Sets.

www.set.is

Landnám í Sandfelli

Ein helsta uppgönguleið þeirra sem ganga á Hvannadalshnjúk er við Sandfell skammt austan við Svínafell í Öræfum. Sandfell er landnámsjörð og þar má sjá minnisvarða um Þorgerði, ekkju Ás-bjarnar Heyangurs-Bjarnasonar en hún nam land um allt Ingólfshöfðahverfi milli Kvíár og Skeiðarár. Sennilega hefur bærinn í Sandfelli alltaf staðið á þeim stað sem Þorgerður valdi sér við upphaf byggðarinnar, en bærinn var endur-reistur nokkrum sinnum, en rifinn að lokum 1974. Löngum var hálfkirkja í Sandfelli og höfuðkirkja á Rauðalæk en þegar fór að byggjast upp að nýju á þessum slóðum eftir gosið 1362 tók kirkjan í Sandfelli við hlutverki Rauða-lækjakirkju. Síðasti presturinn sem bjó í Sandfelli var séra Eiríkur Helgason, en hann flutti að Bjarnarnesi 1931. Síðustu ábúendur í Sandfelli voru Runólfur Jóns-son og Katrín Jónsdóttir, en þau fluttu til Reykjavíkur 1945.



Róbert Karel Guðnason, vinnslustjóri í plaströradeild Sets ehf. á Selfossi, við hlífðarrör fyrir ljósleiðaralagnir en nú er unnið að tilraunum með rör sem eru riffluð að innan en það léttir ídrátt og þræðingu.

Frost og Funi á Hofi:

Gisting í heimilislegu og listrænu sveitaumhverfi

Þótt gistiheimilið Frost og Funi beri með sér, þegar rennt er í hlað, að það er til húsa í gömlum útihúsum að Hofi í Öræfasveit er fátt sem minnir á það þegar inn er komið að hér var áður fjárhús og hlaða. Flísalög gólf, smekklegar innréttingar með leðurhúsgögnum og listaverk nokkurra helstu önd-vegismálara þjóðarinnar á veggjum eru til vitnis um að hér snýst starfið ekki lengur um að fóðra sauðfé, heldur að þjóna ferða-mönnum sem eiga skilið það besta.

Guðný Magnúsdóttir myndlistarkona og kennari, hefur starfað við gistiheimilið í Hofi í sumar en það er í eigu Knúts Bruun og Önnu Sigríðar Jóhannsdóttur, líkt og samnefnt gistiheimili í Hveragerði. Þau hafa rekið gistiheimilið í níu ár og hefur síðan þá verið opið yfir sumarmánuðina ár hvert, frá miðjum maí og fram í byrjun september.

„Það er búið að vera nánast fullbókað hjá okkur frá því í lok júní og út ágúst. Það er talsvert um að hópar bóki gistingu hér og í flestum tilvikum eru það útlendingar. Ég er samt ekki frá því að Íslendingum fari heldur fjölgandi,“ segir Guðný Magnúsdóttir. Hún segir að mikil áhersla sé lögð á að skapa heimilislegt umhverfi og persónulegt and-rúmsloft og þótt gistiheimilið rúmi marga á íslenskan mælikvarða sé gistingin dreifð um svæðið á Hofi og því verði þetta aldrei of stórt eða stofnanlegt. „Hér hefur alltaf verið lögð mikil áhersla á gæði, hvort sem um er að ræða hráefnið sem unnið er úr í eldhúsinu eða það sjónræna umhverfi sem gestirnir okkar dvelja í hverju sinni. Þetta kann fólk að meta og því virðist líða vel í því sveitalega andrúmslofti sem hér ríkir,“ segir Guðný.

Alls eru 37 herbergi í Frosti og Funa og ef öll rúm eru nýtt geta 93 ferðamenn fengið gistingu þar samtímis. Þegar komið er inn í gistiheimilið blasir við gestamóttaka með stórrí setustofu og rúmgóðum matsal og er allt sameiginlegt rými og gistiherbergi ríku-



Leggjum áherslu á heimilislegt umhverfi segir Guðný.



Það er fátt sem minnir á gamla fjárhúsið í gestamóttökunni og setustofunni í gistihúsi Frosts og Funa í Öræfasveit.

lega skreytt listaverkum. Á neðri hæð, þar sem áður var haughús hefur nú verið inn-réttuð heilsulind (*spa*) með stórum heitum potti, gufubaði og hvíldaraðstöðu. Er þetta að líkindum mesta breyting sem gerð hefur verið á einu haughúsi hér á landi og þótt víðar væri leitað!

Auk 8 herbergja sem innréttuð hafa verið

í gömlu hlöðunni eru 16 herbergi í nýrri við-byggingu. Þá hafa verið reist fjögur smáhýsi, hvert með tveimur herbergjum auk þess sem 5 herbergi til viðbótar hafa verið innréttuð í gömlu skólahúsi sem í daglegu tali er kallað þinghúsið.

www.frostogfuni.is



Brynja Kristjánsdóttir og Örn Bergsson á Hofi.



Heimamenn vinna að lagningu heimtauga fyrir ljósleiðarann í Öræfasveit.

Einangrunin endanlega rofin

-segir Örn Bergsson, bóndi á Hofi í Öræfasveit

Á Hofi í Öræfasveit eru í dag um 20 manns með lögheimili á 5 jörðum og heilsársbúseta er í 6 íbúðarhúsum af 9 á jörðunum. Á síðari hluta 19. aldar bjuggu hins vegar um 130 manns í 13 kotum á Hofi þannig að aðstæður hafa breyst umtalsvert frá því sem áður var. Sauðfjárrækt og hrossarækt eru undirstaða byggðarinnar á Hofi en ferðaþjónusta hefur verið í talsverðri sókn þar eins og víðar í Öræfasveit. Örn Bergsson er bóndi á Hofi en þar hefur föðurfjölskylda hans búið í tæp 200 ár. Örn segir verulegar blikur á lofti um framtíð heilsársbúsetu í Öræfasveit eins og víðar í hinum dreifðu byggðum landsins.

„Þótt sauðfjárbúskapurinn hafi gengið þokkalega síðustu misserin er afkoman hins vegar þannig að það er ekki fýsilegt fyrir ungt fólk að taka við sauðfjárbúum í dag,“ segir Örn og minnir á að það sé hinn hefðbundni búskapur sem hafi verið undirstaða heilsársbúsetu í fámennari sveitum. Undanfarin ár hafi sauðfjárræktin sífellt verið að færast á færri hendur og sé það eðlileg þróun. „Þegar ég var að alast upp voru yfir 20 sauðfjárbú hér í sveitinni en nú eru 8 eftir.“

Ónothæf byggðastefna

Örn bendir á að þrátt fyrir að ferðaþjónustan hafi verið gríðarlega mikil lyftistöng undanfarin ár þá hafi hún ekki stuðlað að þeirri fjölgun í heilsársbúsetu í sveitinni sem þörf er fyrir. Annað sem ógni búsetu í Öræfasveit sé sú staðreynd að ekki hafi fæðst þar börn síðastliðin sjö ár og því sé spurning hvað

verði lengi um heilsársbúsetu að ræða. Brynja Kristjánsdóttir, kona Arnar, er kennari að mennt og starfar við grunnskólann í Hofgarði. Hún segir einsýnt að verði ekki veruleg breyting á muni skólahald þar leggjast af á næstu sex til átta árum.

„Það verður að segjast eins og er að það hefur aldrei verið til nothæf byggðastefna á Íslandi og hér ríkir ekki jafnrétti til náms, því það er mun dýrara fyrir fólk í hinum dreifðu byggðum að kosta börn sín til náms en þá sem búa í þéttbýli,“ segir Örn. Þetta segir hann vera sameiginlegt vandamál hinna dreifðu byggða og valda því meðal annars að ungt fólk sest ekki lengur að í þessum sveitum. „Það hefur ekki verið neinn skilningur á því hjá stjórnmöldum í áratugi að það þurfi að jafna kostnað við menntun barna þótt að mjög hafi verið sótt á um það. Dreifbýlisstyrkur sem veittur er dugar engan veginn. Þetta er ein skýringin á því að hinar dreifðu byggðir eiga nú undir högg að sækja.“

Bylting í fjarskiptum

Örn er einn þeirra sem höfðu forgöngu um að koma ljósleiðaratengingu til allra heimila og fyrirtækja í Öræfasveit, sem hefur gjörbreytt möguleikum heimamanna til að nýta sér til fulls þá kosti sem nettenging býður. Íbúar í Öræfasveit hafa ekki aðeins fengið hraðvirkari og öflugri nettengingu en mönnum stendur almennt til boða í höfuðborginni, heldur geta þeir nú einnig notið þess að horfa truflunarlaust á sjónvarp.

“Ástandið í sjónvarpsmálum var þannig í sveitinn að á sumum bæjum var varla hægt að tala um að þar sæist sjónvarp.

„Ástandið í sjónvarpsmálum var þannig í sveitinni að á sumum bæjum var varla hægt að tala um að þar sæist sjónvarp. Í öll þessi ár höfum við á Hofi aðeins haft RÚV þar til nú að við erum loksins búin að fá aðgang að Stöð 2 og öllum þeim stöðvum öðrum sem aðgengilegar eru í Reykjavík.“


Örn segir að Ingólfur Bruun eigi heiðurinn af því að þessu máli var hrint af stað og síðan hafi hann og Knutur Bruun faðir hans borið hitann og þungann af því að koma málinu áfram í gegnum kerfið. „Það var í sauðburðinum árið 2007 sem Ingólfur kom í fjárhúsið til mín og spurði hvernig mér litist á að að bæta Internettengingu í sveitinni með því að fá leyfi til að nýta ljósleiðarastreng sem RARIK hafði lagt árið áður. Þetta varð til þess að hann skrifaði bréf sem fór í mínu nafni á alla bæi í Öræfasveit þar sem kannaður var áhugi heimamanna á að kaupa nettenginu í gegnum ljósleiðarann“. Undirtektir voru strax mjög góðar og í framhaldinu var Fjarskiptafélag Öræfinga stofnað til að vinna að málinu af hálfu íbúa og samið við Fjarska,

fjarskiptafélag í eigu Landsvirkjunar, um tæknilega aðstoð. Alls keyptu 45 heimili og fyrirtæki aðgang að ljósleiðaratengingunni. Auk allra heimila í Öræfasveit tengdust 11 aðilar á Hala í Suðursveit og við Jökulsárlón ljósleiðaranetinu. Kostnaðinum var dreift jafnt á alla og nam um 500 þúsund krónum á hvern notanda.

Einangrun rofin

„Það var virkilega gaman að taka þátt í þessu. Við heimamenn sáum sjálfir um að plægja niður 14 km streng í heimtaugarnar og að draga í rör hér í sveitinni og þeir á Hala í Suðursveit og í Þjóðgarðinum í Skaftafelli sáu sjálfir um sín mál. Fjarski annaðist hins vegar tæknivinnuna og síðan kom bæjarfélagið með styrk sem borgaði strenginn og rörin.“ Örn segir að menn hafi almennt tekið góðan þátt í þessari vinnu og að því eldri sem þeir voru því meiri hafi þátttakan verið.

„Þegar ég var að alast upp hér í Öræfasveitinni vorum við lokuð af á milli tveggja stórfjöla. Einu raunverulegu samgöngurnar við höfuðborgina voru í gegnum flugvöllinn á Fagurhólsmýri því þá var hvorki hægt að fara á bíl í austur né vestur. Jökulsá á Breiðamerkursandi var brúuð 1967 og þegar Skeiðará var brúuð 1974 og leiðin til vesturs opnaðist var það algjör bylting fyrir okkur. Það má segja að með lagningu ljósleiðarans sé einangrun Öræfasveitar endanlega rofin. Núna getum við farið að stunda viðskipti í gegnum netið í öllum kauphöllum heimsins,“ segir Örn Bergsson að Hofi að lokum.




www.vatnajokulsthjodgardur.is

OPIÐ ALLA DAGA Í VETUR Í SKAFTAFELLSSTOFU



VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR



Háhraða nettenging!

Samstillt átak og frum- kvæði íbúa

Góð fjarskipti eru mikilvægust þar sem fjarlægð á milli bæja er mikil og langt að sækja þá þjónustu sem við teljum til almennra lífs-gæða í dag. Aðgangur að menntun og marg-víslegum störfum, sem byggð eru á tölvu-tækni og skjótum samskiptum fyrirtækja og stofnana við viðskiptavinina sína, eru meðal þeirra gæða sem eftirsóknarverð eru í dag. Íbúar í Öræfasveit hafa þurft að aka um langan veg til að sækja sér þessi gæði en með samstilltu átaki og frumkvæði íbúanna hefur verið komið upp tækni til að færa þau heim í stofu til þeirra. Ljósleiðari getur flutt margfalt meira gagnamagn en önnur fjar-skiptakerfi auk þess sem áreiðanleiki er meiri þar sem ekki þarf að hafa sömu áhyggjur af veðurfari og öðrum þáttum sem alla jafna geta truflað samskipti.

Það eru nokkur ár síðan að boðað var til fundar í Öræfum þar sem fulltrúar sveitar-félagsins mættu til viðræðna við íbúa um fjarskiptamál. Hugmyndin sem þá var reifuð var stór og það gætti efasemda um hvort hægt væri að ná verkefninu í höfn. Margt þurfti til að hugmyndin gæti gengið upp og margir þurftu að róa í takt en þar léku Fjarski, Knútur Bruun og Ingólfur sonur hans og RARIK lykilhlutverk. Utanríkisráðuneytið, Landsvirkjun og Vodafone eiga einnig stóran þátt í að tekist hefur að láta drauminn rætast. Íbúarnir hafa sjálfir reitt fram háar fjár-hæðir til að gera þetta að veruleika og mér er til efs að íbúar í þéttbýli gætu stillt saman strengi sína með þessum hætti.

Framfaraspor

Það er aldrei auðvelt að skyggjast til fram-tíðar en trú mín er sú að ásamt tengingu hringvegarins og stofnun þjóðgarðsins í Skaftafelli muni lagning ljósleiðarakerfisins sanna sig sem eitt mesta framfaraspor sem stigið hefur verið í Öræfum síðustu áratugi. Möguleikarnir sem nú opnast eru meðal annars þeir að störf, sem útheimta góð fjarskipti, eins og upplýsingatækni, fjarmenntun, fjarvinnsla og fleira geta nú fest rætur án vandkvæða og unga fólkið fær möguleika á að nýta sér til fullnustu kosti Internetsins og tölvutækninnar í námi og leik.

Hæstur tinda

Öræfajökull gengur suður úr Vatnajökli og frá honum falla fjölmargir skriðjöklar, svo sem Skaftafellsjökull, Svínafellsjökull, Virkisjökull, Falljökull, Kvíarjökull og Fjallsjökull en við hann er samnefnt jökullón, Fjallsárlón. Hæsti tindur Öræfajökuls nefnist Hvannadalshnjúkur og er hæsti tindur Íslands. Öræfajökull er eldkeila og árið 1362 varð mikið gos í jöklinum. Gríðarlegar hamfarir urðu í Litla-Héraði og tugir bæja lögðust í eyði vegna flóða og gjóskufalls. Litla-Hérað sem var blómleg sveit, fékk á sig ásynð eyðimerkur og hefur síðan heitið Öræfi. Aftur gaus Öræfajökull árið 1727 og stóð gosið í tæpt ár. Tjón varð þó ekki eins mikið og í fyrra gosi. Enn má sjá merki frá þessu gosi á Háöldu milli Sandfells og Hofs en þar er jökulker, sem hefur verið friðlýst.

Ég tel að ljósleiðaraverkefnið í Öræfum verði fyrirmynd fyrir aðrar sveitir í Sveitarfélaginu Hornafirði og í raun um allt land og setji ný viðmið í fjarskiptamálum. Verkefnið bætir grunngerð samfélagsins til mikilla muna og það verður síðan íbúa í Öræfum, sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja á svæðinu að vinna að hagnýtingu þeirra tækifæra sem það skapar.

Hjalti Þór Vignisson
sveitarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjörður

www.hornafjordur.is



Ljósleiðaraverkefnið í Öræfum verður fyrirmynd fyrir aðrar sveitir í sveitafélaginu segir Hjalti Þór Vignisson.

Íslenskir fjallaleiðsögumenn í Skaftafelli:

Markmiðið að opna augu fólks fyrir fjallaferðum



Arinbjörn Hauksson hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum segir að sumarið hafi verið gott en hafi samt ekki jafnast á við metsumarið 2009.

Á hlaðinu í Skaftafelli hafa Íslenskir fjallaleiðsögumenn komið sér upp veglegri aðstöðu þar sem þeir bjóða upp á leiðsögn um fjöll og jökla í þjóðgarðinum. Fyrirtækið var stofnað af fjórum ungum fjalla- og leiðsögumönnum árið 1994. Markmið þess hefur frá upphafi verið að fara ótroðnar slóðir með innlenda sem erlenda ferðamenn, opna augu fólks fyrir fjallaferðum, stuðla að verndun viðkvæmrar náttúru norðurslóða og að auka gæði og fagmennsku í leiðsögn. Fyrirtækið hefur vaxið mjög á þeim 16 árum sem liðin eru frá stofnun og í dag eru 47 leiðsögumenn skraddir á heimasíðu þess auk um það bil 20 starfsmanna á skrifstofu. „Aðstaðan hér hefur breyst mikið frá því þeir félagarnir fóru af stað með þessa starfsemi á sínum tíma. Þá höfðust leiðsögumennirnir við í tjöldum hér á tjaldstæðinu og búnaðurinn var geymdur í tunnum. Núna erum við komin með þetta hús undir búnað

og afgreiðslu og síðan hafa leiðsögumennirnir mun betri gístiaðstöðu í færanlegum húsum hér á lóðinni,” segir Arinbjörn Hauksson, starfsmaður Íslenskra fjallaleiðsögumanna, sem stóð vaktina í afgreiðslu fyrirtækisins í Skaftafelli þegar blaðamann bar að garði. Hann segir að ferðaframboðið hafi þróast mikið og úrval ferða aukist en fyrirtækið er einnig með aðstöðu á Skógum og býður ferðir á Sólheimajökul. Aðspurður segir Arinbjörn að sumarið hafi verið ágætt þótt ekki hafi verið jafn mikið að gera og í fyrra sem var algjört metár. Hann segir einnig að ferðamannastraumurinn hafi byrjað heldur seinna en þá og dreift yfir lengri tíma. Líklega hafi gosið í Eyjafjallajökli haft einhver áhrif en ekki síður heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu. Í sumar buðu Íslenskir fjallaleiðsögumenn upp á nokkrar mislangar ferðir á Svínafellsjökul og fjöllin í nágrenni Skaftafells. Ferð-

irnar voru allt frá tveimur og hálfri klukkustund og upp í sjö klukkustunda heilsdagsferðir. Einnig er hægt að komast í ísklifur og í ferðir á Hvannadalshnjúk og á Hróútfjallstinda þegar aðstæður leyfa. Í styttri ferðunum er lögð áhersla á að fólk sé vel búðið og í góðum gönguskóm og er jafnvel hægt að leigja sér skó á staðnum ef þeir sem komið er í teljast ekki nógu traustir. Allir sem fara í ferðir fá brodda og ísaxir en í lengri ferðum bætast við öryggisbelti og hjálmar. Þann stutta tíma sem blaðamaður staldraði við hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum var greinilegt að ferðmönnum þótti tilkomumikið að fá þennan veglega öryggisbúnað í upphafi ferðar. Myndavélar voru óspart dregnar fram og væntanlegir göngugarpar myndaðir í bak og fyrir með hjálma og ísaxir reiddar um öxl.

www.fjallaleiðsögumenn.is

Skólastarf í Öræfum:

Ljósleiðaranetið skapar mikla möguleika

Greina mátti ákveðna spennu og eftirvæntingu á andlitum nemendanna 12 sem mættu ásamt foreldrum sínum til að vera viðstaddir þegar Pálína Þorsteinsdóttir skólastjóri setti grunnskólann í Hofgarði formlega þann 25. ágúst síðastliðinn. Í fyrrihaust var í fyrsta skipti uppi sú staða að öll börn sveitarinnar voru komin upp úr leikskóla og í skólann en þeir 12 nemendur sem verða í skólanum í vetur eru í öðrum til sjöunda bekk. Engin börn hafa fæðst í sveitinni undanfarin ár og fjölskyldur með ung börn hafa ekki bæst við. Ef ekki verður breyting á þessari þróun stefnir í að skólahald í Öræfum, sem staðið hefur samfellt í liðlega 120 ár, leggist af á næstu sex árum. „Það þarf engan speking til að sjá að það verður breyting á þessari byggð ef ekki bætist við barnafólk,“ segir skólastjórinn.

Einstaklingsmiðað nám

Skólahald hefur verið á Hofi frá árinu 1948 og var núverandi skólahús, Hofgarður, tekið í notkun árið 1985 og er það jafnframt félagsheimili Öræfinga. Pálína hóf störf sem kennari þar árið 1981 og hefur verið skólastjóri frá árinu 1988. „Þegar ég byrjaði að kenna voru sex nemendur hér við skólann og hefur skólinn aldrei verið jafn fámennur og þann vetur. Fyrir miðja síðustu öld voru stundum fjölmennari nemendahópar og jafnvel yfir 20 skólabörn alls í sveitinni á meðan farskóla-fyrirkomulagið var. Það eru hins vegar mikil tímamót um þessar mundir að engin börn skuli vera undir skólaaldri í sveitinni,“ segir Pálína.

Sex mann koma að skólastarfinu á Hofi, þar með talin eru hlutastörf í mótuneyti, bókasafni og umhirðu hússins og þar fyrir utan er skólabílstjóri. Vegna þess hve nemendur eru fáir segir Pálína að kennslan sé mjög einstaklingsmiðuð og nemendum af ólíkum aldri sé kennt saman í stofu eins og alltaf hafi tíðkast í fámennum sveitaskólum. „Það er hins vegar skemmtilegt að vita til þess að nú er einstaklingsmiðað nám komið í tísku í stærri skólum og þykir líka ákjósanlegt að láta ólíka aldurshópa stundum hjálpast að og vinna saman. Þó að námið í litlu sveitaskólunum hafi ekki að öllu leyti verið skilgreint á sama hátt og einstaklingsmiðað nám



Nemendurnir 12 sem munu stunda nám í grunnskólanum í Hofgarði voru allir mættir ásamt foreldrum við setningu skólans í ágúst.



Pálína Þorsteinsdóttir, skólastjóri grunnskólans í Hofgarði, segir gott að búa í Öræfasveit og að starfið í litla sveitaskólanum hafi verið lifandi og skemmtilegt.

„Ég held að fólk hér skynji það almennt að með því að tengja sveitina við ljósleiðaranetið sé verið að rjúfa ákveðna einangrun.“

nú til dags er ekkert val um það í litlum skóla að hafa þetta öðruvísi en samkenslu árganga og það kemur að sjálfu sér í fámenninu að hver vinni á sínum hraða.“

Lélegt netsamband ekki lengur til trafala

Pálína segist binda talsverðar vonir við ljósleiðaranetið sem nýbúið er að leggja í Öræfasveit. „Unga fólkíð segir það forsendu fyrir búsetu að það sé almennilegt tölvusamband. Nú er lélegt netsamband ekki lengur til trafala hér í Öræfunum þótt það sé ekki þar með sagt að unga fólkíð muni strax flykkjast hingað, því auðvitað spila fleiri þættir inn í. En það sakar ekki að vera bjartsýnn.“ Hún segir að tengingin við ljósleiðaranetið feli í sér mikla bót fyrir skólastarfið. Meðal annars muni öll samskipti við Námsgagnastofnun verða auðveldari og skólinn geti nú nýtt sér betur þá þjónustu sem stofnunin bjóði. Pálína segir að nú opnast möguleiki til þess að tengjast fyrirlesturum eða viðburðum sem sendir eru út um Netið og hafa gildi fyrir kennsluna hjá þeim. Þá sé möguleiki fyrir þá sem hafa menntun á tölvusviði að vinna heima hjá sér þar sem netsamband sé gott og hægt að senda gögn hvert sem er.

„Ég held að fólk hér skynji það almennt að með því að tengja sveitina við ljósleiðaranetið sé verið að rjúfa ákveðna einangrun nánast eins og þegar árnar voru brúaðar á sínum tíma,“ segir Pálína Þorsteinsdóttir.

Nexans og Smith & Norland óska Öræfingum til hamingju með nýja ljósleiðarakerfið.

Ljósleiðarastrengirnir og endabúnaðurinn eru frá Nexans.

Nexans

SMITH & NORLAND



Einar Rúnar Sigurðsson ferðapjónustubóndi segir lundann enn lifa góðu lífi í Ingólfshöfða þótt vís-bendingar séu um að ekki megi mikið út af bregða með fæðuframboð.



Ferðir á opnum vagni í friðlandið í Ingólfshöfða hafa átt vaxandi vinsældum að fagna meðal ferðafólks undanfarin ár.

Friðlandið í Ingólfshöfða:

Lundinn er aðalaðdráttaraflíð

Ferðir í friðlandið í Ingólfshöfða hafa átt vax-andi vinsældum að fagna undanfarin ár. Það var Sigurður Bjarnason bóndi í Hofsnesi sem byrjaði árið 1991 að bjóða ferðafólki upp á ferðir út í höfðann á heyvagni sem var hengdur aftan í dráttarvél. Í dag er það hins vegar sonur hans Einar Rúnar sem hefur tekið við rekstrinum og sem aðalleiðsögu-maður í Ingólfshöfðaferðunum og nýtur við það dyggrar aðstoðar konu sinnar Matthildur Þorsteinsdóttur. Nú hefur þriðja kynslóðin bæst við þar sem sonur þeirra Aron er einnig farinn að taka virkan þátt í starfinu. Enn sem fyrr er notast við dráttarvélar og sérútbúna vagna til að flytja ferðafólkið út í höfðann.

Frumkvöðlastarf í ferðapjónustu
„Þetta var mikið frumkvöðlastarf þegar pabbi byrjaði með ferðirnar út í Ingólfshöfða. Hann var þá tiltölulega ný hættur með fjárbúskap og þetta var hans leið til að skapa sér verk-efni og afla tekna. Þegar Einar sá hve frum-kvæði föður hans í ferðapjónustu gekk vel ákvað hann að fara sjálfur af stað með fjalla-leiðsögn árið 1994 meðfram störfum sínum sem landvörður í Skaftafelli. „Þegar umsvifin hjá pabba héldu áfram að aukast og hann að eldast þá endaði á því að ég fór með honum í þetta sem aðalstarf á sumrin en hélt þó áfram að sinna fjallaleiðsögninni meðfram. Ég tók síðan við af föður mínum sem aðal-

“*Það er ljóst að gengi krón-unnar hefur orðið til þess að erlendir ferðamenn eyða meiru og nýta sér afþreyingu eins og þessa í ríkari mæli en áður.*

leiðsögumaður í Ingólfshöfða ferðunum 2000/2001.“
Ferðatímabilið út í Ingólfshöfða er þrír og hálfur til fjórir mánuðir frá byrjun maí og fram yfir miðjan ágúst. Í sumar var farin ein ferð alla daga vikunnar nema sunnudaga af sandinum fyrir neðan Hofsnæs kl. 12:00. Að sögn Einar voru það fyrst og fremst hópar með fararstjóra sem fóru í þessar ferðir í upphafi en nú hefur þetta snúist við og í dag eru einstaklingar sem skipuleggja sínar ferðir sjálfir í gegnum Internetið í miklum meiri-hluta. Einar segir að sumarið hafi verið mjög gott og gerir ráð fyrir að næsta sumar verði einnig gott ef ekki verða einhver meiriháttar áföll alþjóðlega. „Það er ljóst að gengi krón-unnar hefur orðið til þess að erlendir ferða-menn eyða meiru og nýta sér afþreyingu eins og þessa í ríkari mæli en áður.“



Viðkvæmt lífríki lundans
Að sögn Einars er það fyrst og fremst lund-inn sem fólk hefur áhuga á að skoða í Ing-ólfshöfðaferðunum og hann er yfirleitt farinn upp úr miðjum ágúst. Einar segist ekki hafa skynjað dramatískar breytingar á lundavarp-inu í Ingólfshöfða á sama hátt og gerst hefur í Vestmannaeyjum þar sem skortur á æti ógnar tilveru lundans. Hann segir hins vegar að svo virðist sem að ekki megi mikið út af bregða til að það sé nóg af æti fyrir lundann í höfðanum. „Ég tók eftir því í fyrsta skipti í sumar að dauðar pysjur voru við holur í höfðanum einn daginn. Þá var búið að vera mjög slæmt veður og úfinn sjór í nokkra daga og kannski hefur það dugað til þess að lundinn náði ekki að afla nægrar fæðu. Skúmurinn og langvían virðast hins vegar lifa ágætu lífi í Ingólfshöfða,“ segir Einar Rúnar Sigurðsson, ferðapjónustubóndi í Hofsnesi.


www.oraefaferdir.is

Milli sanda

Öræfasveit er stundum kölluð sveitin milli sanda, þ.e. Skeiðarársands í vestri og Breiðamerkursands í austri. Skeiðarársandur nær frá Fljótshverfi í Vestur-Skaftafellssýslu yfir í Öræfasveit í Austur-Skaftafellssýslu. Um hann renna margar jökulár og mest þeirra var Skeiðará. Brúin yfir hana er sú lengsta á landinu, 904 m, vígð árið 1974. Breiðamerkursandur var áður gróinn og kemur nafnið af höfuðbólinu Breiðá sem talið er að hafi verið vestan við svo-kallaðar Nýgræður. Jörðin fór undir jökul um aldarmótin 1700. Á Breiðá bjó Kári Sólmundarson ein helsta hetja Njálu-sögu. Sker sem er tiltölulegu nýkomið undan jökli hefur nú verið skírt Kárasker eftir þessari fornu hetju.

Þægindi og góður aðbúnaður

Sveitahótel með 37 herbergjum staðsett miðja veginni milli Þjóðgarðsins í Skaftafelli og Jökulsárlóns. Þægileg setustofa, bað og hvíldaraðstaða með heitum potti, gufubaði og sturtum. Allt sameiginlegt rými er skreytt með íslenskri nútímamyndlist.



Kraftaverk – kveðja frá Fjarska

Um þessar mundir fagna íbúar í Öræfum því að með lagningu ljósleiðaranets um sveitina hefur tekist að bæta búsetuskilyrði þar svo um munar. Þessi árangur hefur fyrst og fremst náðst vegna framsýni og órofa samstöðu heimamanna. Ljósleiðaranetið, sem tekið hefur verið í notkun í Öræfasveit og hluta Suðursveitar, er afkastamikil og örugg lausn á fjarskiptamálum svæðisins, sem mun duga Öræfingum um fyrirsjáanlega framtíð, enda sambærilegt við það besta sem þekkist í heimilistengingum á höfuðborgarsvæðinu.

Nú þegar ljósleiðaranetið er komið í fullan rekstur viljum við hjá Fjarska þakka fyrir ánægjulegt samstarf við undirbúning og lagningu fjarskiptanetsins síðustu misserin. Að okkar mati er það kraftaverk að tekist hafi að leiða þetta verkefni til lykta með jafn glæsilegum hætti og raun ber vitni, þrátt fyrir þær erfiðu aðstæður sem við blöstu í upphafi. Heimamenn hafa tekið virkan þátt í öllum undirbúningi og sáu sjálfir um jarðvinnu við lagningu netsins auk þess að greiða um 500 þúsund króna stofnkostnað



Njörður Tómasson, framkvæmdastjóri Fjarska, ávarpar gesti á opnun-
arhátíðinni í Hofgarði.

fyrir hvert heimili í sveitinni. Það kom í hlut Fjarska að annast hönnun og eftirlit með framkvæmdinni og höfum við skynjað vel þann mikla samheng og þá samheldni sem

verið hefur um þetta verkefni í sveitinni og þann góða stuðning sem stjórn sveitarfélagsins hefur veitt. Það er síður en svo sjálfgefið að jafn fá-



Benedikt Haraldsson, verkefnisstjóri ljósleiðaralagna hjá Fjarska, spjallar um nettenginguna við bræðurna í Kvískerjum, Hálfmán og Helga Björns-syni.

menntri sveit, sem er landfræðilega jafn einangruð og Öræfin, skuli takast að koma upp einu öflugasta ljósleiðaraneti landsins og að tengja við það öll heimili og fyrirtæki í sveitinni. Með stofnun Fjarskiptafélags Öræfinga og þeirri þrotlausu vinnu sem farið hefur fram á þess vegum hefur þetta hins vegar tekist og fordæmi sett fyrir önnur sveitafélög sem búa við lélega netþjónustu. Með samstöðu íbúa, stuðningi sveitarstjórnar og samstarfi við fagaðila hefur Öræfingum tekist að ryðja úr vegi fjölmörgum hindrunum og að koma verkefninu í heila höfn. Reynslan úr Öræfum er dýrmæt og mun vafalaust nýttast öðrum sveitafélögum í svipaðri stöðu.

Um leið og ég þakka heimamönnum samstarfið vil ég þakka stjórn sveitarfélagsins fyrir að hafa sýnt þá framsýni að taka málinu með opnum huga og að hafa dugnað og þor til að verða að liði. Ég þakka Bruunfeðgum fyrir að yta á eftir málum og RARIK fyrir að sýna málinu skilning og að klára það með okkur. Loks ber að þakka Vodafone fyrir að koma af fullum krafti að málinu og að leysa stofnlínuvandamál og sjónvarpsþjónustu.

Njörður Tómasson
framkvæmdastjóri Fjarska

www.fjarski.is

Aukin samkeppni í ferðaþjónustunni:

Jöklamenn hasla sér völl í Skaftafelli

„Sumarið hefur verið mjög gott og við erum að fá helmingi fleiri í ferðirnar okkar í ár en í fyrra,“ segir Daníel Guðmundsson hjá Jöklamönnum (*Glacier Guides*) þar sem hann stendur við þjónustumiðstöðina í Skaftafelli og svarar spurningum ferðamanna. Þetta er annað sumarið sem Jöklamenn eru með starfsemi í Skaftafelli. Daníel segir að aukninguna megi að einhverju leyti rekja til þess að í fyrra voru þeir í byrjun sumars uppteknir við að koma sér upp aðstöðu á staðnum en einnig hefur verið settur aukinn kraftur í markaðssetninguna. Jöklamenn eru að hluta til í eigu Artic Adventures og Artic Crafting sem hafa um árabil verið með flúðasiglingar á Hvítá.

Augljóst er að samkeppnin í jöklaferðirnar hefur harðnað því hús Jöklamanna og Íslenskra fjallaleiðsögumanna standa hlið við hlið á hlaði þjónustumiðstöðvarinnar í Skaftafelli. Daníel telur að sá fjöldi ferðamanna sem sækir staðinn beri vel tvo ferðaþjónustuaðila í sömu grein og að tveir aðilar muni halda uppi öflugra markaðsstarfi og draga fleiri í ferðirnar sem í boði eru.

Húsið sem Jöklamenn hafa reist sér vekur athygli, bæði form þess og efnisgerð. Að sögn Daníels er húsið byggt samkvæmt íslenskri teikningu og er burðaravirkið gamlir símastaurar úr sveitinni en allt timbur í gólfi og þaki er úr gömlu Skeiðarárbrúnni. Loks eru veggir fylltir með hálmi frá Þorvaldseyri og makaðir með sérstökum trefjamúr. En það er ekki bara aðstaðan, sem Jöklamenn hafa komið sér upp, sem vekur athygli það



Daníel Guðmundsson spáir því að algjör sprenging verði í ferðaþjónustunni á næsta ári. Hér stendur hann við ameríska strætisvagninn sem Jöklamenn nota í ferðir sínar.

gerir einnig stór gulur amerískur strætisvagn sem stendur í hlaðinu og er annar tveggja slíkra vagna sem notaðir eru til að flytja ferðafólkið áleiðis í göngurnar.

Að sögn Daníels er mest aðsókn í tvær ferðir á Falljökul, aðra langa og hins styttri. Stutta ferðin tekur tvær og hálfa klukkustund en í lengri ferðinni eru ferðamennirnir fjóra tíma á jökli og enda síðan á því að koma við í Jökulsárlóni. Þegar aðstæður og veður leyfa er einnig boðið upp á ferðir á Hvannadalshnjúk og á Hróutfjallstinda. Veðrið í sumar hefur verið mjög hagstætt og segir Daníel að það hafi aðeins komið tveir dagar í sumar

sem ekki hafi verið hægt að fara á jökul. Hann segir Jöklamenn ekki hafa þurft að vísa fólki frá enda séu þeir með marga leiðsögu-menn og stóra bíla og geti tekið allt að 200 manns í ferðir á dag. „Næsta sumar leggst rosalega vel í mig. Ég held að þá verði algjör sprenging í ferðaþjónustunni. Það hefur verið mikil landkynning í sumar, sem meðal annars má rekja til eldgossins í Eyjafjallajökli. Það tel ég að muni skila sér næsta sumar,“ segir Daníel Guðmundsson að lokum.

www.hvannadalshnukur.is

Hofskirkja

Á Höfi í Öræfum var kirkja helguð heilögum Klemensi í katólskum sið og útkirkja frá Sandfelli allt til ársins 1970, þegar Hof var lagt til Kálfafellsstaðar í Suðursveit. Torfkirkjan, sem varðveitt er að Höfi, er að stofni frá 1884. Veggir hennar eru hlaðnir úr grjóti og á henni er hellubak, þakið torfi. Þjóðminjasafnið fékk hana til varðveislu með því skilyrði, að hún yrði endurbyggð (1953-54) og hún yrði áfram sóknarkirkja. Hún var endurvígð 1954.

ÞÓRBERGSSETUR



Opið í vetur

samkvæmt bókunum eða samkomulagi.

Vetrardvöl á Hala er skemmtileg upplifun.

Kjörið fyrir starfsmannahópa, ráðstefnur og fundi.

Gisting á staðnum sjá www.hali.is



Hús Þórbergssæturs vekur vissulega athygli þeirra sem leið eiga um þjóðveginn þar sem það blasir við eins og risavaxin bókahilla með bókum meistarans.

Þórbergssætið í Suðursveit:

Ný vídd í íslenskri ferðapjónustu

Þórbergssætið á Hala í Suðursveit var opnað í byrjun júlí 2006 til minningar um ævi og störf Þórbergs Þórðarsonar rithöfundar. Í Þórbergssæti eru sýningar, helgaðar sögu Suðursveitar og lífi og verkum Þórbergs. Þar er fjölbreytt menningarstarfsemi, safn, minjagripasala og veitingahús. Aðalsýning sætursins tengist ævi og verkum Þórbergs og sögu þjóðarinnar á hinum ýmsu æviskeiðum skáldsins.

Sýningin um Þórberg hefur vakið mikla athygli en hún er sambland af fræðslu- spjöldum og safni og er meðal annars gengið inn í leikmyndir þar sem leitast er við að ná andblæ liðinna ára um leið og gestir njóta lýsinga meistarans sem leiðsögn um svæðið. Gestum er m.a. boðið upp á loft í fjósbaðstofunni á Hala, eins og hún var á uppvaxtarárum Þórbergs, en einnig inn á skrifstofu Þórbergs á Hringbraut 45 í Reykjavík.

Fjölbreytt sýning

Auk sýningarinnar um Þórberg eru breytilegar sýningar á Þórbergssæti á hverjum tíma. Undanfarið hefur verið uppi sýningin Leyndardómar Suðursveitar, sögusýning um Papa og fyrstu búsetu manna á Suðausturlandi. Sýningin er hluti af verkefninu Sögunslóð á Suðausturlandi og í tengslum við sýninguna verður í haust haldið málþing í Þórbergssæti. Þar munu erlendir fræðimenn fjalla um siglingar fyrr á öldum og um Papa og þá sem fyrir voru í landinu þegar norrænir menn námu hér land. Í sumar hefur einnig mátt skoða sýninguna Fjallasýn, sem er samstarfsverkefni Þórbergssæturs og Skriðuklausturs í Fljótsdal. Þar er fjallað um viðhorf til fjalla og óbyggða í gegnum aldirnar og er uppistaða sýningarinnar málverk og textar um efnið auk mynda sem varpað er á stóran vegg. Á Þórbergssæti er sýnd málverk af Öræfajökli en á Skriðuklaustri eru það málverk af Snæfelli og Herðubreið.

Ný vídd opnaðist

Þorbjörg segir að með opnun Þórbergssæturs hafi bæst ný vídd í íslenska ferðapjónustu



Þorbjörg í skrifstofu Þórbergs á Hringbraut 45 sem hefur verið endurbyggð í Þórbergssæti á Hala.

“Koma ljósleiðarans hingað er algjör bylting í búsetuaðstæðum hér. Möguleikar til að nýta netið eru nú orðnir sambærilegir við það sem best gerist á suðvestur horninu.

um leið og setrið styrki ferðapjónustuna sem fyrir var á svæðinu. Tengingin við verk Þórbergs og frásagnir Steinþórs á Hala hafi legið beint við og verið mjög aðgengileg. „Hér á Hala erum við með menningartengda ferðapjónustu þar sem við tökum á móti fólki að íslenskum sveitasíð og segjum frá staðnum, búskapnum og því sem hér er að gerast. Hér hefur sama fjölskyldan búið kynslóð fram af kynslóð og þekking á umhverfinu og náttúrunni er mikil. Þessa ríku alþýðumenningu reynum við draga fram þegar við kynnum sérstöðu svæðisins“. Þorbjörg segir að til þessa hafi erlendir ferðamenn fyrst og fremst verið að sækjast eftir náttúruupplifun en þeir sýni nú í sívaxandi mæli áhuga á að kynnst menningunni.

Ljósleiðarinn er bylting
„Koma ljósleiðarans hingað er algjör bylting í búsetuaðstæðum hér. Möguleikar til að nýta netið eru nú orðnir sambærilegir við það sem best gerist á suðvestur horninu og í fyrsta skipti eftir að RÚV hóf útsendingar erum við loksins farin að sjá í sjónvarp almennilega og getum nú valið um fjölda stöðva. Ég sé fram að nú gætu opnast möguleikar til að skapa hér störf fyrir fólk sem getur unnið í gegnum netið, óháð búsetu,“ segir Þorbjörg Arnórsdóttir, forstöðumaður Þórbergssæturs á Hala í Suðursveit.

Skaftafelli er vinsæll áningarstaður á sumrin:

Yfir þrjú þúsund gestir á dag!

„Í sumar hefur aðsóknin í Skaftafell slagað hátt í það sem var í fyrra, sem var metsumar í ferðapjónustunni. Það dró mjög úr aðsókninni eftir að gosið byrjaði í Eyjafjallajökli en sú niðursveifla var tiltölulega fljót að ganga til baka eftir að gosinu lauk,” segir Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður í Skaftafelli. Í fyrra komu um 260 þúsund manns í gesta- stofuna í Skaftafelli frá byrjun apríl til ársloka en í lok ágúst í ár hafa 215 þúsund manns lagt leið sína þangað.

Í Skaftafellsstofu er upplýsinga- og fræðslumiðstöð þar sem ferðafólki eru veittar upplýsingar um náttúruferðir Skaftafells, gönguleiðir, gistingu og afþreyingu í næsta nágrenni. Árið 2009 var í fyrsta skipti opið allt árið í Skaftafelli og var þá opið alla virka daga yfir vetrartímann. Í ár er stefnt að því að auka þjónustuna enn frekar og hafa einnig opið um helgar.

Allir koma við í Skaftafelli

Tveir starfsmenn eru í Skaftafelli allt árið og einn til viðbótar á Höfn, en á sumrin aukast umsvifin til mikilla muna og er þá bætt við 12 starfsmönnum sem sinna upplýsingagjöf, landvörslu og ræstingum auk 8 til 10 starfsmanna í veitingasölu. Þá er einn landvörður á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs á Höfn yfir sumartímann og annar í Lónsöræfum. Regína segir að mjög gott samstarf sé auk þess við háskólasetið á Höfn. Á sumrin sinna þrír til fjórir starfsmenn daglegri upplýsingamiðlun og segir Regína að álagið á þeim sé mjög mikið. Í júlí og fram í ágúst koma þannig að jafnaði þrjú til fjögur þúsund gestir á dag með margvíslegar fyrirspurnir og erindi sem þarf að sinna.

Allir sem eiga leið um svæðið staldra við í Skaftafelli en ferðamenn frá Þýskalandi, Frakklandi og Hollandi auk Íslendinga eru fjölmennastir í tjaldgistingu. Regína segir meira um að fólk ferðist á bílaleigubílum en áður þó enn sé mikið um stóra rúthópa.

Mikilvæg tenging við ljósleiðara

Undanfarin misseri hefur gestastofan í Skaftafelli verið með aðgang að örbylgju- sambandi og því haft mun betri nettengingu en þeir sem búa austar í sveitinni. Þetta samband hefur samt sem áður verið ótryggt og því segir Regína að það hafi verið kærkomið að komast í ljósleiðaratenginguna sem Fjar- skiptafélag Öræfinga beitti sér fyrir að fengin yrði í sveitina. Nú séu gagnaflutningar mun öruggari en áður, sem skipti miklu máli.



Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður segir að yfir hásumarið sé mjög mikið álag á þá sem sinna upplýsingamiðlun í Skaftafellsstofu en þá sé að jafnaði svarað spurningum 3-4 þúsund gesta á hverjum degi.



Í Skaftafelli er hægt að velja um fjölda göngu- leiða.

Í Skaftafellsstofu er sýning þar sem sögð er saga elds og íss og hvernig náttúruöflin hafa tekist á og mótað umgjörð svæðisins. Sagt er frá menningu sem hefur dafnað í skjóli jökulsins og lífi fólks þar sem eldgos og

jökulhlaup hafa sett mark sitt á daglegt líf. Í Skaftafellsstofu má einnig sjá muni úr örlaga- ríku leiðangri breskra háskólastúdenta árið 1953 og fræðslumynd um Skeiðarárhlaupið árið 1996. Í Skaftafellstofu er þjóðgarðs- verslun með bækur, póstkort og handverk og er lögð áhersla á íslenskar vörur og muni sem tengjast byggðarlaginu.

Ólík sjónarmið komast að

Regína segir að frá því að hún tók við starfi þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli hafi verið farið í gagnrægar endurbætur og endurskipulag- ingu á húsakosti þjóðgarðsins í Skaftafelli. Þá hafi farið mikill tími í vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn en þessar áætlanir eru hafðar að leiðarljósi við skipu- lagningu og uppbyggingu einstakra svæða innan þjóðgarðsins. „Við erum að vonast til að það gefist meiri tími í vetur til að sinna undirbúningsstarfinu hér á þessu svæði til dæmis við að taka út gönguleiðir og að vinna að fræðslu og upplýsingamálum og merk- ingum,” segir Regína. Hún telur að það fyrir- komulag sem tekið hefur verið upp við stjórnun Vatnajökulsþjóðgarðs sé mjög gott enda gefi það ólíkum aðilum tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að við stefnumótun og stjórnun þjóðgarðsins.

www.vatnajokulsthjodgardur.is

“Það hafi verið kærkomið að komast í ljósleiðaratenginguna sem Fjar- skiptafélag Öræfinga beitti sér fyrir að fengin yrði í sveitina.

Stærsti þjóð- garður Evrópu

Vatnajökulsþjóðgarður er stærsti þjóð- garður í Evrópu. Hann var stofnaður með lögum árið 2008 og nær yfir 13.000 km² landssvæði eða sem sam- svarar 12% af yfirborði Íslands. Auk þjóðgarðanna í Skaftafelli og í Jökulsár- gljúfrum er allur Vatnajökull innan þjóð- garðsins og öll helstu áhrifasvæði jökuls- ins, að vestan, norðan, austan og sunnan. Þjóðgarðinum er skipt upp í fjögur svæði og telst Skaftafell til suður- svæðis. Á hverju svæði starfar sérstakt svæðisráð sem er þjóðgarðsverði á við- komandi svæði til ráðgjafar og vinnur með honum að verndaráætlun fyrir svæðið og að tillögu að rekstraráætlun. Í svæðisráðunum sitja sex fulltrúar sem tilnefndir eru af sveitarstjórnnum á við- komandi rekstrarsvæði, af ferðamála- samtökum og af útivistar- og um- hverfisverndarsamtökum. Formenn svæðisráða þjóðgarðsins eiga síðan sæti í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt fulltrúum skipuðum af umhverfisráð- herra og fulltrúum umhverfis- og úti- vistarsamtaka.



Óskum Öræfingum til hamingju með nýja ljósleiðarakerfið



Hótel Skaftafell - Söluskáli

Ferðapjónustan Svínafelli



Takk fyrir samstarfið Öræfingar!



Með samtakamætti sínum hafa íbúar í Öræfasveit sýnt að ýmislegt er hægt ef viljinn er fyrir hendi. Við erum stolt af því að hafa tekið þátt í þeirri fjarskiptabyltingu sem orðin er á svæðinu og munum leggja okkur fram um að veita Öræfingum framúrskarandi þjónustu.

power to you

vodafone.is